

13. SEPTEMBER 2024

Fréttabréf Hrafnagilsskóla



Ég kem í skólann til að **læra** og nýta **hæfileika** mína til fulls!

Kæru foreldrar og forráðamenn.

Haustið fer vel af stað hjá okkur í Hrafnagilsskóla og okkur virðist sem bæði nemendur og starfsfólk sé fullt bjartsýni og jákvæðni gagnvart komandi skólaári.

Útivistardagur

Strax í annarri viku var útivistardagur þar sem nemendur á yngsta stigi fóru í fjöruferð og nemendur á mið- og unglingastigi fóru í fjallgöngu. Það er skemmst frá því að segja að dagurinn tókst vel í alla staði, nemendur náðu markmiðum sínum og margir unnu stóra sigra. Útivistardagar eru mikilvægir í skólastarfinu okkar þar sem m.a. er unnið með líkamlega, andlega og félagslega heilsu. Hægt er að nálgast [frétt um útivistardaginn](#) á heimasíðu skólans.



Símafrí

Í ágúst var ákveðið að í Hrafnagilsskóla yrði símafrí frá og með skólasetningu og það tilkynnt þar. Símafrí þýðir að nemendur nota ekki síma á skólatíma, ekki í kennslustundum, á skólalóð eða í frímínútum. Það gladdi okkur mjög hversu samfélagið allt hefur tekið vel í þessa breytingu og eru nemendur þar ekki undanskildir. Við viljum þakka ykkur fyrir að styðja skólann í þessari ákvörðun og við finnum vel hve samvinna á milli heimila og skóla er mikilvæg í þessu verkefni eins og öðrum. Undirbúningur símafrís fór fram fyrir skólabyrjun hjá starfsfólki og í haust hafa nemendur á unglingastigi unnið í hópum þar sem þeir hafa rætt reglur í kringum símafrí, kosti og galla og hvaða afþreyingu þeir vilja í staðinn. Foreldrafélagið ætlar að gefa skólanum eitthvað sem nýst getur nemendum í frjálsum tíma og hefur fengið tillögur frá nemendum. Skólanefnd samþykkti nú í haust breytingu á skólareglum sem snúa að símafríi (5. grein).

Af hverju símafrí?

Hrafnagilsskóli



Til að auka gleði.



Til að auka vinnufrið fyrir alla.



Til að fara í skemmtilega leiki, spjalla og kynnst betur.



Til að skapa innri ró.



Til að styrkja tengsl.



Dyggð mánaðarins er vinátta.



Foreldrastefnumót

Nú er foreldrastefnumótum á mið- og unglingastigi lokið og það var gaman að sjá hvað margir sáu sér fært að mæta í skólann. Það var ekki annað að sjá en að foreldrar og forráðamenn hafi átt hreinskiptin og góð samskipti sem vonandi leiða til aukins samhljóms. Það er ekkert sem kemur í staðinn fyrir samskipti augliti til auglitis. Í næstu viku mæta foreldrar og forráðamenn nemenda á yngsta stigi og í kjölfarið munum við senda ykkur könnun og biðja um álit ykkar á þessari nýjung. Markmið og tilgang foreldrastefnumóta er hægt að nálgast á [heimasíðu skólans](#).



Jákvæður agi

Agastefna Hrafnagilsskóla er jákvæður agi og við notum ýmis verkfæri jákvæðs aga í skólastarfinu. Á haustdögum vinna allir nemendur bekkjarsáttmála og finna hlutverk í bekknum.



Á döfinni:

- 3. október - foreldrasamtöl.
- 4. október - starfsdagur.
- 9. október - foreldrafræðsla frá Skúla Braga Geirdal á vegum foreldrafélagsins.
- 10. október - fræðsla til nemenda frá Skúla Braga Geirdal.
- 21. - 22. október - vetrarfrí.

Með góðum kveðjum,
Ása og Björk



Allir hafa hið **góða** í sér og möguleikann til að verða **betri** manneskjur.